

# Skýrsla stjórnar 2016

## Stjórn Björgunarfélags og Björgunarbátasjóðs Hornafjarðar

<b>Formaður:</b>	Elín Freyja Hauksdóttir
<b>Varaformaður:</b>	Sigurður Gunnar Jónsson
<b>Gjaldkeri:</b>	Karl Ágúst Guðnason
<b>Ritari:</b>	Ingólfur Einarsson
<b>Meðstjórnandi:</b>	Jens Olsen

### Björgunarfélagið

Árið 2016 hefur verið viðburðaríkt eins og fyrri ár. Þema ársins var endurnýjun á tækjum og nýliðun félaga. Þegar starfið byrjaði eftir sumarfrí, auglýstum við að fyrsti fundur vetrarins væri opin fyrir alla sem vildu kynna sér starfsemi Björgunarfélagsins og hefðu áhuga á að starfa með. Þetta virkaði ljómandi vel, eignuðumst við þetta nokkra nýja félaga, öflugt fólk, sem strax samlagaðist vel og tók fullan þátt í starfinu með okkur. Munum klárlega endurtaka þetta að ári.

### Unglingadeildin Brandur

Unglingadeildin hefur starfað með hefðbundnu sniði síðastliðið ár, hittingur hefur verið að jafnaði einu sinni í viku. Mæting var þökkaleg fyrstu vikunnar en eftir febrúar fór að halla undan fæti, líklegt vegna anna í öðrum tómsundum sem unglingarnir leggja stund á. Ýmislegt var brallað á haustönn, farið var út í snjóinn þegar hann lét sjá sig, talstöðvar voru prófaðar, skoðaðir voru snjóflóðaylar og þeir prófaðir, einnig var farið í hnúta, fyrstu hjálp, ásamt fleiru. Frí var yfir sumartímann. Um miðjan september var

haldinn kynningarfundur og mættu 7 nýjir unglingar á hann. Haustönnin hefur verið vel nýtt, ýmislegt brallað eins og kassaklifur, fyrsta hjálp, kennt á börur og grjónadýnur, kennt að búa til börur, kenndir hnútar og farið yfir grunnatriði í fjallamennsku.

Umsjónamaður unglíngardeildarinnar, Jens Olsen, fór á landshlutamót í Þorlákshöfn sem haldið var í lok júní. Við vonumst til að geta haldið svona mót eftir nokkur ár.

Landsfundur umsjónarmanna unglíngadeilda var haldin á Akureyri. Þar var talað um ýmislegt sem tengist unglíngastarfinu, farið yfir siðareglur og farið yfir atburði síðasta árs.

Tveir unglíngar á elsta ári hafa verið að mæta á viðburði hjá Björgunarfélaginu, og einnig farið með á æfingar og setið námskeið sem nýliðar í félaginu.

Farið var með 7 unglínga á Miðnæturíþróttamót í Vatnaskógi um miðjan nóvember, þar er kept í hefðbundnum sem og óhefðbundum íþróttum, má þar nefna rúsínuskirp, skutlukeppni og stígvélaspark svo eitthvað sé nefnt. Þar var mikið fjör um nóttina og voru sumir ekkert á því að fara sofa þegar var komið að því.

Vonum að árið 2017 verði jafn gott. Stærstu verkefni á árinu verða endurlífgunarkennsla í grunnskólanum og svo Landsmót unglíngadeilda á Ísafirði.

## **Björgunarskipið Ingibjörg**

Ingibjörg fór í eitt útkall á árinu, sækja vélavana bát. Þetta var um miðjan maj mánuð og aðgerðin gekk vel.

Annars var Ingibjörg í burtu megnið af sumrinu, átti að fara í slipp en slippurinn bilaði. Talið var að gera átti við slippinn sem fyrst og var hún því látin bíða en eftir ca 2 mánuði voru viðgerðir á slippnum ekki byrjaðar og Ingibjörg sótt og fengin framlenging á haffæriskýrteini.

Félagar fjölmenntu á Ingibjörgu og tóku þátt í Landsæfingu á sjó á Norðfirði í lok september. Þá vildi svo vel til að slippurinn var þá aftur orðinn starfhæfur, og var Ingibjörgu keyrt á Seiðisfjörð að æfingu lokinni, í langþráðann slipp. Norðfjarðarbáturinn var tekinn í slipp á eftir Ingibjörgu og þar sem hann er einnig notaður sem lóðs á svæðinu og vont að missa í lengri tíma, var Ingibjörg lánuð í það verkefni að leysa hann af hólmi í 2-3 vikur.

Reynt hefur verið að endurvekja Ingibjargarhópin, fjölga í hópi þeirra sem skip- og vélstjórnar réttindi hafa, sem gengið hefur ágætlega. Einnig eru nokkrir félagar að vinna í því að sækja sér réttindi á hana. Vonumst eftir meiri virkni og fleiri siglingartímum í nánustu framtíð.

Umsjónamaður Ingibjargar til margra ára, Ingólfur Voge, sagði upp störfum frá 1.júlí. Viðhald á skipinu hafði verið til fyrirmyndar í öll þessi ár og þótti okkur leitt að sjá hann fara. Auglýst var eftir nýjum umsjónamanni og ráðinn var hann Gunnar Egill, sem er félagi í Björgunarfélaginu og vélstjóri að mennt.

Ráðist var í kaup á vinnu-flotgöllum og nýjum björgunarvestum. Keypt voru 10 stykki af hvoru og eru nýju björgunarvestin mun léttari og minni um sig en þau gömlu, en að sjálfsögðu mun minna flot í þeim en þeim gömlu, en hugsunin var að flotgalli ásamt vesti væri staðal búnaður fyrir þá sem eru úti á dekki, og vestið eingöngu fyrir þá sem eru inni í brú.

Til stendur að fara í viðhald á næstunni, skipta um björgunar-flotgalla sem komnir eru á aldur og einnig skipta um fender, sem er orðinn talsvert sprunginn. Búið er að sækja um aukafjárveitingu fyrir þessu til félagsins. Annað er á listanum sem þyrfti að huga að í nánustu framtíð, til að mynda ný ljósavél, nýjar landfestar og búnaður til að auðvelda köfutum að athafna sig á skipinu.

Almennt erum við mjög sátt við björgunarskipið okkar, teljum þetta gott skip til að leysa verkefni við þessar aðstæður sem við búum við. Við sjáum fram á að hún muni sinna okkur í fjöldamörg ár í viðbót, þar sem ekki er í sjónmáli eins og er, hvernig og hvenær Slysavarnafélagið Landsbjörg mun endurnýja flotann. Algilt er um allt land að ný skip þurfa að mestu leiti hafa sömu eiginleika og núverandi björgunarskip en töluvert meiri gangahraða.

## Námskeið og viðburðir

11/2	112 dagurinn
20/2	Fjölskylduferð í íshelli, Breiðamerkurjökli
1/3	Aðalfundur
15/3	Veðurfræði námskeið
25/3	Páskaferð, Breiðamerkurjökull - Hnjúkur, bílar og sleðar
28/3	Páskaferð, aftur farið á Hnjúkinn, sleðar og bílar
16/4	Formannafundur Egilsstöðum

20-27/4	Wilderness First Responder
4/6	Sjómanna dagur, fluglínuæfing, frá skipi í land
13/8	Flugeldasýning Jökulsárlóni
10-11/9	Bifreiðarstjórnunarnámskeið
16-17/9	Landsæfing á sjó, Norðfirði
23-25/9	Landsfundur umsjónarmanna unglíngadeilda, Akureyri
24-25/9	Endurlífgunarráðstefna ERC á Íslandi
15-16/10	Björgun ráðstefna
18/10	Björgunarmaður í aðgerðum námskeið
20/10	Tetra námskeið
9/11	GPS námskeið
11-12/11	Miðnæturmót unglíngadeilda
18-19/11	Fulltrúaráðsfundur Reykjavík
3-4/11	Ráðstefna - Sálræn aðstoð fyrir viðbragðsaðila

## Fjáraflanir

Flugeldasýning Jökulsárlóni gekk mjög vel í ár, skilaði meiri hagnaði en árið áður. Algengt er að fólk telji Jökulsárlón standa undir öllum kostnaði af þessu, en það er nú fjarri lagi. Björgunarfélagið stendur undir öllum kostnaði og allri vinnu hvað þessa fjáröflun varðar. Við verslum inn flugeldana, sitjum svo klukkutímum skiptir að tengja saman tívolímbombur og risatertur, ferjum þetta á lónið, komum fyrir á flekum, og skjótum upp á réttu augnabliki. Björgunarfélagið sér um rukkun inn á svæðið og hefur í auknu mæli þurft að skipta sér af umferðastjórnun vegna fjölda ferðamanna sem þetta sækja. Einnig passa félagar í Björgunarfélaginu upp á að svæðið sé snyrtilegt, tyna upp rusl og annað sem fólk hefur skilið eftir sig áður en farið er heim eftir sýninguna. Þetta er gert í samvinnu við rekstraraðila á Jökulsárlóni, í þeim skilning að við fáum leyfi til að vera þarna með sýninguna og fáum lánaða zodiac báta til að ferja sýningarflugelda á rétta staði. Starfsfólk á Jökulsárlóni hefur hingað til aðstoðað okkur við að ferja flugeldana út á jakana.

Daginn eftir er það Björgunarfélagið sem safnar rusli, tómunum tertukössum og annað sem ekki var hægt að flytja fyrr en kólnaði. Oft hafa starfsmenn á Jökulsárlóni farið eina ferð og týnt þetta af jökunum, áður en fyrstu bátaferðir dagsins hófust, og okkar menn tekið það af ströndinni.

2016 varð samskiptabrestur á milli okkar og Jökulsárlóns, við töldum starfsfólkið ætla að tyna til ruslið af jökunum eins og undanfarin ár og þau töldu okkur ætla að gera það. Ruslið var ekki tekið, blasti við ferðamönnum og kvartanir bárust vegna þessa. Þetta þótti okkur mjög leitt. Til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig á næsta ári, höfum við ákveðið að byggja 3 flotbyggjur, sem öllu verður skotið upp af, og þar af leiðandi verður

ekkert skilið eftir á jökunum. Einnig hefur þetta í för með sér aukið öryggi fyrir okkar félagsmenn, sem oft voru að setja sig í hættu, við að klifra upp á valta ísjakana.

Flugeldasalan gekk vel, svipuð útkoma og önnur ár. Vel viðraði á gamlársgangi, sem hefur alltaf mikið að segja um hversu skotglaðir Íslendingar eru.

Neyðarkallinn var til sölu 3-6. Nóvember. Við höfum aldrei verið stórtæk í innkaupum, en í ár keyptum við heldur fleiri stóra karla en áður, vonumst til að ferðaþjónustan muni kaupa þá í meira mæli.

## **Búnaðarkaup og viðhald**

Sleðar: Keyptir voru tveir nýjir vélsleðar, Ski Doo Freeride og gömlu Yamaha sleðarnir seldir.

Almennt eru félagar mjög ánægðir með nýju sleðana, og þykja þeir henta afar vel á okkar svæði, þar sem þeir eru hannaðir bæði sem brekku sleðar og til að keyra á sléttu.

Bílar: Höfn 2 fékk mikla yfirhalingu á árinu, hann var strípaður, farið í botninn á honum, sprautaður, stækkuð dekkinn í 46 tommur, felgur stækkaðar, brettakantar stækkaðir samsvarandi og settur í hann veltibúr og úrhleypibúnaður. Svo fór hann í merkingu og fékk merkingar samkvæmt nýjum staðli SL. Höfn 3 hefur fengið góða umönnun, almennt viðhald og svo fékk hann einnig úrhleypibúnað.

## **Samráð viðbragðsaðilla á Höfn**

Áfram eru haldnir fundir reglulega með forsvarsmönnum hvernar viðbragðseiningar á Höfn, þar sem rædd eru ýmis mál sem koma að slysavörnum og þörf á að bæta búnað, gæslu og þjálfun viðbragðsaðilla. Upp úr þessu spratt hugmynd um að hittast mánaðarlega með sameiginlegar æfingar, allir innan viðbragðseininganna velkomnir á þessi kvöld. Þetta byrjaði haustið 2015, að hittast alltaf fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði að undanskildum desember og sumarmánuði. Fyrstu þriðjudagskvöldin voru nýtt í að hver eining kynnti starfsvið sitt fyrir hinum, sem var mjög fróðlegt og nýtist í samstarfi í framtíðinni. Í október kom lögreglustjórinn á Suðurlandi og Víðir Reynisson og héldu fund með okkur um framtíðarsýn á okkar svæði og vildu heyra okkar

vangaveltur og skoðanir. Í nóvember var heilsugæslan skrifuð fyrir æfingu, var með “stöðvaþjálfun” þar sem menn fengu að prófa að sauma, setja upp æðaleggi, lyfta börum, stöðva blæðingar, spelka brot og álfka. Alltaf eru um 20-30 manns að mæta á þessi kvöld, sem alltaf eru mjög skemmtileg, og hafa allir áhuga á því að halda þessu áfram.

Þegar björgunarfélagið heldur námskeið sem gæti gagnast öðrum viðbragðsaðilum, höfum við boðið þeim með. Td. tetra fjarskiptanámskeið og fyrsta hjálpa 1 og 2.

## Útköll fyrir árið 2016

1. 2/2.	F4 Aðstoð vegna bílveltu við Reyðará	3 menn
2. 4/2.	F4 Lokun við Jökulsárlón	2 menn
3. 4/2.	F3 Óveðursútköll Sv 15	17 menn
4. 8/2.	F3 Bíll útaf við Hlíð í Lóni	3 menn
5. 9/2.	F3 2 Húsbílar fastir saman við Volasel	5 menn
6. 9/2.	F2 Slasaður maður við Kambshorn	14 menn
7. 10/2.	F2 Leit af manni milli Skaftafells og Freysnes	
8. 10/2.	F3 Fastir bílar við Jökulsárlón	14 menn
9. 18/2.	F2 Túristar út á ís á Jökulsárlóni	7 menn
10. 14/4.	F3 Slösuð kona við Fláajökul	6 menn
11. 17/4.	F2 Fólk að reka frá landi við Jökulsárlón	14 menn
12. 17/4.	F4 Lokun við Jökulsárlón	2 menn
13. 24/4.	F1 Leit af týndum einhverfum dreng við Djúpavog	10 menn
14. 18/5.	F3 Vélarvana bátur við Hornafjörð	3 menn
15. 31/5.	F2 Leit að manni á Sandfellsleið	
16. 8/6.	F2 Örmagna maður við Hafrafell	10 menn
17. 30/6.	F3 Bíll í vandræðum við Eskifell ( 2 gangandi menn)	5 menn
18. 13/7.	F3 Leit í Sveinsgili	
19. 16/8.	F1 Bíll fastur í Skyndidalsá	11 menn
20. 1/9.	F3 Hreindýr fast í girðingu við Heinabergsjökul	4 menn
21. 4/9.	F3 Fastur bíll í vatni við Hvalnes	2 menn
22. 8/9.	F3 Óveðursaðstoð á Höfn	6 menn
23. 18/9.	F2 Slasaður maður við Skálafellsjökul	10 menn
24. 21/9.	F3 Óveðursútkall svæði 15	8 menn
25. 21/10.	F2 Lónsöræfi - gangnamenn í sjálfheldu	11 menn
26. 30/10.	F2 Leit að manni	13 menn
27. 2/11.	F1 Bíll í Jökulsárlóni	14 menn

28. 17/11. menn	F4 Lokun við Jökulsárlón	3
29. 18/11 - 20/11.	F2 Leit að rjúpnaskyttu á Héraði	13 menn
30. 23/12.	F4 Lokun við Jökulsárlón	2 menn
31. 26/12.	F2 Lærbrot á Bergárdalsheiði	18 menn

## Félagar í útköllum

1. Jens Olsen	29 útköll
2. Friðrik Jónas Friðriksson	18 útköll
3. Baldvin Svafar Guðlaugsson	17 útköll
4. Rannver Olsen	12 útköll
Ingólfur Einarsson	12 útköll
Karl Ágúst Guðnason	12 útköll
5. Ragnar Már Alfredsson	11 útköll
Elín Freyja Hauksdóttir	11 útköll
6. Einar Jóhann Sigurðsson	10 útköll
Eggert Helgi Þórhallsson	10 útköll

## Nýliðar í útköllum

1. Kristín Gyða Ármannsdóttir	5 útköll
2. Gunnlaugur Róbertsson	3 útköll
3. Elín Birna Vigfúsdóttir	2 útköll
Sigfinnur Þrúðmarsson	2 útköll
Þórir Kristinn Olgeirsson	2 útköll